

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Mjólkursamsöluna á Akureyri.
Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 12. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Mjólkursamsöluna á Akureyri.

Breytingin tekur til Súluveggar 1 og felur í sér að byggingarreitur er stækkaður og færður til suðausturs og til norðurs. Hámarkshæð húsa og hámarksnýtingarlutfall eru hækkuð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 1. ágúst 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 19. ágúst 2024